

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 20/2013.

Reykjavík, 22.10.2013

2013100300

Efni: Innköllun á wasabihnetum (vörumerki Heima) vegna ómerkts ofnæmis- og óþolsvalds (jarðhnetur).

Aðföng hafa tilkynnt Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um innköllun á wasabihnetum í 200 gramma pokum. Ástæða innköllunarinnar er að ekki kemur fram í innihaldslýsingu að hneturnar eru jarðhnetur.

Vörumerki: Heima.

Vöruheiti: Wasabihnetur.

Nettóþyngd: 200 g.

Geymsluþolsmerking: Allar best fyrir dagsetningar.

Strikamerki: 5690350060479.

Ábyrgðaraðili: Varan er framleidd fyrir Aðföng, Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir Bónus og Hagkaupa um land allt. Vörunni var einnig dreift í verslun Stórkaupa.

Jarðhnetur og afurðir úr þeim eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla. Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir jarðhnetum. Varan getur innihaldið snefilmagn af hnetum, öðrum en jarðhnetum, þar á meðal möndlur.

Viðskiptavinum Bónus, Hagkaupa og Stórkaupa sem keypt hafa vöruna og hafa ofnæmi eða óþol fyrir jarðhnetum er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530 5645, eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is).

